

Peningaþvætti

Vápættir í starfsemi þar sem mikið er um reiðufjárnotkun



Hvað er peningabætti?

Í peningabætti felst það athæfi þegar einstaklingur eða lögaðili tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings með broti sem er refsivert samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Hér er einnig átt við það þegar einstaklingur eða lögaðili umbreytir slíkum ávinningi, flytur hann, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu, ráðstöfun eða flutning ávinnings eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíkum refsiverðum brotum.

Hvað er frumbrot peningabættis?

Frumbrot eru þau brot sem geta leitt af sér ólöglegan ávinning eða annan ágóða sem reynt er að þvætta. Frumbrot peningabættis geta falist í nær öllum brotum á almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Dæmi um algeng frumbrot peningabættis eru fjársvik, fjárdráttur, skattalagabrot, fíkniefnabrot, spillingarbrot o.fl.

Hvað er sjálfþvætti?

Þegar sami aðili fremur frumbrot og sér sjálfur um að þvætta ólöglegan ávinning er um sjálfþvætti að ræða. Sjálfþvætti getur varðað allt að 6 ára fangelsi skv. 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Hvað er fjármögnun hryðjuverka?

Öflun fjár í þeim tilgangi eða með vitneskju um að nota eigi það til að fremja brot sem er refsivert skv. 100. gr. a – 100. gr. c almennra hegningarlaga.

Viðurlög

Brot gegn ákvæðum 1. mgr. 264. gr. um peningabætti geta varðað allt að 6 ára fangelsi sé um ásetning að ræða og allt að 6

mánaða fangelsi sé brot framið af gáleysi, sbr. 4. mgr. tilvitnaðrar lagagreinar. Sé um ávinning af fíkniefnabroti að ræða getur refsing numið allt að 12 ára fangelsi samkvæmt 3. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.

Refsað er samkvæmt almennum hegningarlögum fyrir brot gegn 264. gr. sem framið er innan íslenska ríkisins, enda þótt frumbrotið sem ávinningur stafi frá hafi verið framið erlendis, og án tillits til hver var að því valdur.

Fjármögnun hryðjuverka varðar allt að 10 ára fangelsi samkvæmt 100. gr. b almennra hegningarlaga.

Hvað eru hættumerki?

Ýmsar aðferðir og hættumerki (e. red flags) eru þekkt við að þvætta fé, m.a. út frá dómaframkvæmd, fræðiritum og leiðbeiningum ESB og FATF. Jafnframt hefur það sýnt sig að ýmsir veikleikar eru í starfsemi lögaðila hvað viðkemur hættu á að starfsemin sé notuð við að þvætta fé. Tilkynningarskyldum aðilum er skylt að tilkynna öll grunsamleg viðskipti til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, að eigin frumkvæði, og veita henni allar nauðsynlegar upplýsingar. Með hugtakinu grunur er vísað til lægsta stigs gruns, þ.e. að sérhver grunur, óháð því hve mikill hann er, uppfyllir skilyrði greinarinnar um grun. Með grun er því að þessu leyti ekki gerð jafn ítarleg og afdráttarlaus krafa og almennt gildir í réttarfari um rökstuddan grun. Væri í þessu sambandi nægjanlegt að grunur kviknaði um að fjármuni kunni að mega rekja til refsiverðrar háttsemi hvort sem sá grunur reynist síðar meir hafa verið reistur á fullnægjandi rökum eður ei.

Hér á eftir eru nefnd dæmi um hættumerki er tengjast peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Það skal athugast að þessi dæmi eru einungis til viðmiðunar og alls ekki tæmandi. Þrátt fyrir að eitthvað af eftirfarandi hættumerkjum eigi við getur það átt sér eðlilegar skýringar. Tilkynningarskyldir aðilar skulu því meta áhættu með heildrænum hætti þar sem eitt hættumerki á ekki að færa viðskiptavin upp eða niður um áhættuflokk.

Hvað er ólögmætur ávinningur?

Með ólögmætum ávinningi er átt við þann hagnað sem aðili hefur haft af broti.

Hættumerki varðandi ólögmætan ávinning

- Framkvæmd viðskipta er óvenjuleg, t.d. háar raðgreiðslur gerðar upp með reiðufé.
- Fjármunir koma frá þriðja aðila.
- Fjármunir stafa frá aðilum sem reka starfsemi þar sem mikið er um reiðufjárviðskipti.
- Greiðslur innlendra aðila í erlendum gjaldmiðlum.
- Umfang fjármuna / reiðufjár er ekki í samræmi við fjárhagsstöðu viðskiptamanns, hvort sem um einstaklinga eða lögaðila er að ræða.
- Viðskipti eiga sér stað með háum fjárhæðum í reiðufé.
- Viðskipti eru fjármögnuð með óhefðbundnum hætti.
- Viðskiptavinur óskar eftir því að fjárhæðir viðskipta séu settar saman á þann hátt að þær séu undir grunsamlegum eða tilkynningarskyldum mörkum.

Hvers vegna nota brotamenn reiðufé?

Aðferðir við að þvætta ávinning refsiverðrar háttsemi eru margvíslegar. Sameiginlegir þættir þeirra eru:

- Þörf á því að hafa beinan eða óbeinan ráðstöfunarrétt yfir ávinningi af refsiverðri háttsemi.
- Þörf á því að umbreyta formi ávinnings til þess að annað hvort draga úr umfangi reiðufjár sem stafar af refsiverðri háttsemi eða til að fela uppruna þess. Ólíkt peningum sem fluttir eru rafrænt er erfitt að greina uppruna reiðufjár og raunverulegan eiganda þess. Reiðufjárnotkun er ekki sjálfgefin aðferð við peningaþvætti, né er notkun þess ólögleg,

heldur er það löglegur greiðslumáti sem gerir brotamanni kleift að koma ólögumætum ávinningi inn í efnahagskerfið með minni áhættu en með notkun annarra leiða.

Helstu frumbrot

Ávinningur sem brotamenn þvætta með því að misnota þjónustu sérfræðinga stafar helst frá:

- Skattsvikum.
- Fjársvikum.
- Fíkniefnabrotum.
- Öðrum óþekktum brotum þar sem viðkomandi aðilar hafa yfir að ráða fjármunum sem eru ekki í samræmi við tekjuöflun þeirra.

Tilkynningar til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu

Tilkynningum til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu hefur fjölgað sem gefur til kynna að áhættuvitund er að aukast.

- Tilkynningarskyldum aðilum ber að tilkynna til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu um öll viðskipti þar sem grunur vaknar um að fjármuni megi rekja til refsiverðrar háttsemi.

Hættumerki varðandi viðskipti og viðskiptavini

- Ófullnægjandi upplýsingar eru veittar um þá aðila sem koma að viðskiptum.
- Notast er við flókið net fyrirtækja í viðskiptum.
- Reynt er að dylja raunverulegt eignarhald eða þátttakendur í viðskiptum.
- Viðskipti eiga sér stað án þess að viðskiptavinur skoði hinn keypta hlut.

- Viðskipti eru gerð fyrir hönd aðila sem ekki koma fram í eigin persónu.
- Viðskipti eru óþarflega flókin eða virðast hvorki hafa laga-
legan né fjárhagslegan tilgang.
- Andlag viðskipta er verðlagt óvenjulega hátt eða lágt,
- Viðskipti eru óvenjuleg með tilliti til aldurs viðskiptavinar.
- Viðskipti milli sömu aðila fara fram ítrekað og á stuttum tíma.
- Einstaklingar eða lögaðilar sem virðast ekki tengjast viðskiptavini eru þátttakendur í viðskiptum, t.d. sem fjármögnunaraðilar.
- Viðskiptavinur afhendir gölluð, röng eða fölsuð gögn.
- Viðskiptavinur er þekktur brotamaður.
- Viðskiptavinur hefur stöðu sakbornings hjá lögreglu.
- Viðskiptavinur hefur tengsl við þekkta brotamenn.
- Viðskiptavini er í mun að flýta viðskiptum.

Reiðufé í umferð á Íslandi

Notkun reiðufjár hér á landi miðað við greiðslukort er lítil. Á árinu 2017 voru rúmlega 500.000 innlend greiðslukort í notkun. Þá er notkun reiðufjár hér á landi lítil á alþjóðlegan mælikvarða. Sé tekið mið af ríkjum Evrópusambandsins er notkun reiðufjár í staðgreiðsluviðskiptum heimila um 60% á móti um 18% hér á landi. Frá efnahagshruninu árið 2008 jókst reiðufé í umferð úr tæplega 1% af vergri landsframleiðslu í rúm 2%. Í árslok 2017 nam reiðufé í umferð nálægt 60 ma. kr. sem svarar til um 2,4% af vergri landsframleiðslu. Í ársbyrjun 2019 var reiðufé í umferð um 65 ma. kr.

Gervifyrirtæki

Algeng aðferð brotamanna/-hópa er að nota félög þar sem reiðu-fjárviðskipti eru algengari en ella. Slík félög eru hentug til þess að fela uppruna fjár, enda blandast ólögmeitt fé lögmætu fé úr starfseminni. Brotamenn geta komið sér upp slíkri starfsemi en þá er ósvarað hvaðan reiðufé kom upphaflega. Því er algengara að brotamenn kaupi rekstur sem þegar er í gangi og dylji raunverulegt eignarhald, t.d. þar sem þriðji aðili er skráður eigandi eða kemur fram fyrir hönd þess fyrirtækis.

Peningasendingar

Peningasendingar eru sending fjármuna frá einum aðila til annars sem fær þá samsvarandi upphæð afhenta til ráðstöfunar. Engir íslenskir aðilar stunda slíka starfsemi en hér á landi starfa þrír umboðsaðilar erlendra greiðslustofnana sem stunda peningasendingar og fylgir því hættu á peningabætti.

Þjónusta greiðslustofnana og umboðsaðila þeirra sem stunda peningasendingar byggir að mörgu leyti á viðskiptum með reiðufé og kann að gera viðskiptamönnum kleift að millifæra reiðufé í nafnleysi, með hraðvirkum hætti. Í slíkri starfsemi er mikið um einskiptis viðskipti. Þar af leiðandi er ekki eiginlegt viðskiptasamband til staðar og getur því verið erfitt að leggja mat á hvort hegðun viðskiptavinar sé óvenjuleg eða grunsamleg. Brotahópar nota oft svokallaða „strumpun“ (e. smurfing) við peningasendingar, en þá flytja margir aðilar fjármagn í smærra magni í einu og ná með því að flytja mikið magn fjármagns án þess að eftirlitsaðilar verði þess varir.

Önnur aðferð sem brotamenn nota er að komast yfir fyrirtæki sem sjá um peningasendingar milli landa. Með því móti er hægt að senda peninga án þess að vekja athygli þar sem áreiðanleikakönnun er ekki framkvæmd, ekki er haldið utan um viðskiptin eða notast er við fölsuð gögn.

Dýrar vörur

Ein leið sem brotamenn hafa notað til þess að fela ávinning af brotastarfsemi er að kaupa dýra muni og eignir. Nokkur lönd í Evrópu hafa innleitt hámarksupphæð við greiðslu í reiðufé til þess að sporna gegn peningaþvætti. Ef slíkt hámark er ekki til staðar hvílir samt sem áður tilkynningarskylda á aðilum þegar greiðslur eru umfram 10.000 EUR, sbr. r.-lið 1. mgr. 2. gr. pþl. Þar af leiðandi eru kaup á dýrum munum leið til þess að koma ólög-mætu fé í umferð, auðvelda smygl og jafnvel mynda hagnað fyrir viðkomandi.

Fasteignir

Fjárfesting í fasteignum er algeng aðferð til að þvætta ólög-mætan ávinning. Um leið og fasteign, sem keypt hefur verið fyrir ólög-mætan ávinning, er seld hefur ávinningurinn verið þvættur. Sá möguleiki er fyrir hendi að fasteignir séu seldar á milli tengdra aðila/brotamanna þar sem kaupverð er óvenjulegt og greitt er að hluta eða í heild með reiðufé. Einnig eru dæmi um að lán til fasteignakaupa séu tekin og þau síðan greidd upp á stuttum tíma. Greiðslufyrirkomulag með óvenjulegum hætti, t.d. með skulda-uppgjöri eða öðru andlagi en peningum/lánum (t.d. bifreiðum eða öðrum lausafjármunum), kann að benda til þess að fjármuna hafi verið aflað með ólög-mætum hætti.

Veðmál, happdrætti, lottó og spilakassar

Tvenns konar veðmál eru í boði á Íslandi, annars vegar Lengjan og hins vegar 1x2. Kaup á netinu geta eingöngu farið fram með viðurkenndu kreditkorti. Kaup á miðum hjá söluaðila geta farið fram hvort sem er með greiðslukorti eða reiðufé og í hinu síðar-nefnda felst áhætta. Einnig er sá möguleiki fyrir hendi að aðili veðji jafnt á alla leiki þ.e. heimasigur, útisigur og jafntefli. Þar

sem útborgunarhlutfall er um 84% er möguleiki á skattfrjálsum vinningi töluverður. Jafnframt er hægt að leggja háar fjárhæðir á lága stuðla um lengri tíma. Þó ber að hafa í huga að vinningar yfir 25.000 kr. fást eingöngu greiddir hjá rekstraraðila og inn á banka-reikning þess sem framvísar miða.

Í spilakössum er eingöngu hægt að spila fyrir reiðufé eða vinningsmiða og því fylgir notkun spilakassa hættu á peningþvætti.

Varnir gegn misnotkun

- Aukin fræðsla um skyldur rekstraraðila á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Aukin fræðsla um áhættuþætti í starfsemi þar sem mikið er um reiðufjárviðskipti.
- Eftirlit sem miðar að því að kanna hvort rekstraraðilar framkvæmi áreiðanleikakannanir á viðskiptavinum.
- Eftirlit sem miðar að því að kanna hvort rekstraraðilar tilkynni um grunsamleg viðskipti.
- Eftirfylgni með niðurstöðu eftirlits þannig að gengið sé úr skugga um að bætt hafi verið úr vanköntum í þeim tilvikum þar sem slíkt hefur orðið uppvíst.

Lög og reglur

Þessi bæklingur innifelur einungis stutta kynningu á þeim fjölþættu skyldum sem hvíla á tilkynningarskyldum aðilum varðandi aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og er því vísað á ítarlegra efni hér að neðan til frekari kynningar:

<https://www.hersak.is/media/uncategorized/201705160838.pdf>

<https://www.rsk.is/fagadilar/peningathvaetti/>

Lögin: <https://www.althingi.is/lagas/149b/2018140.html>

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/almannaoryggi/adgerdir-gegn-brotastarfsemi/adgerdir-gegn-peningathvaetti-og-fjar-mognun-hrydjuverka/>

Hafðu samband við ríkisskattstjóra ef það eru einhverjar spurningar sem vakna um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka.



RÍKISSKATTSTJÓRI

Sími: 442 1000

Netfang: peningathvaetti@rsk.is